

## 2. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála

23. nóvember 2015 kl. 16:00 – 17:30

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

---

### Viðstaddir:

*Stjórnarmenn:* Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, formaður, Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, Ólöf Nordal, innanríkisráðherra, Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, Grímur Sæmundsen, formaður stjórnar Samtaka ferðaþjónustunnar, Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, Björgólfur Jóhannsson, formaður stjórnar Samtaka atvinnulífsins, Sigrún Blöndal, forseti borgarstjórnar Fljótsdalshéraðs,

*Aðrir:* Hörður Þórhallsson, framkvæmdastjóri, Guðjón Bragason, sambanði íslenskra sveitarfélaga (fyrir hönd Halldórs Halldórssonar), Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Svanhildur Hólm Valsdóttir, aðstoðamaður fjármála- og efnahagsráðherra, Jón Geir Pétursson, umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Valgerður Rún Benediktsdóttir, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem ritaði fundargerð.

---

### 1. Uppbygging ferðamannastaða

#### 1.1. Staða verkefna hjá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða (Hörður)

Hörður fór yfir stöðu verkefni hjá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Staða veittra styrkja frá 2012-2015

Ár	Styrkir (m.kr.)	Fjöldi verkefna			Verkefnum lokið	Verkefnum ólokið
		Úthlutað alls	Greitt alls	Eftirstöðvar		
2012	69	63	6	30	29	1
2013	501	357	133	124	75	49
2014	630	300	301	139	36	103
2015	1.025	474	530	155	9	146
Samtals:	2.225	1.194	970	448	149	299

Samkvæmt reglum sjóðsins má afskrifa styrki ef þeir hafa ekki verið nýttir innan 2 ára (styrkir eru veittir í upphafi hvers árs). Því er möguleiki á að afskrifa árið 2016 eftirstöðvar áranna 2012-2014, samtals um 440 m.kr.

Líklegt er talið að af 530 m.kr. eftirstöðvum 2015 úthlutana muni að hámarki 100 m.kr. verða greiddir fyrir árslok. Að minnsta kosti 430 m.kr. færast því yfir á næsta ár.

Ástæður fyrir eftirstöðvum styrkja:

- Mótframlagið erfitt fyrir sum sveitarfélög og einkaaðila.
- Styrkir veittir til eins árs þó ýmis verkefni taki líklegast lengri tíma vegna umfangs.
- Skortur á iðnaðarmönnum.
- Skipulagstengd mál hjá sveitarfélögum.
- Deilur landeigenda.
- Dráttur á að skila inn framvindu- og lokaskýrslum.
- Dráttur á að sækja fé með skilum á framvindu- og lokaskýrslum, þó verkefnum sé lokið.
- Vinnaálag hjá ríkisstofnunum sem sækja um styrki og sjá um framkvæmdirnar; skýrslugerð og umsóknir á sama tíma árs.

- 850 m.kr. aukafjárveiting var veitt um mitt ár 2015 og of skammur tími gefinn til að ljúka stórum framkvæmdum fyrir árslok 2015

### **1.2 Fjárbörf næsta árs. (Hörður)**

Hörður fór yfir ætlaða fjárbörf næsta árs út frá umsóknum um styrki í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

#### **Greining á umsóknum fyrir árið 2016**

(m.kr.)	Upphæð umsókna	Upphæð hæfra styrkja <sup>1</sup>	Líkleg fjárbörf <sup>2</sup>	
			2016	2017
Einkaaðilar	185	54	54	0
Félög og söfn	293	102	82	20
Sveitarfélög	672	514	386	128
Stofnanir ríkisins	873	838	548	289
Samtals:	2.023	1.508	1.070	438

Umsóknarfrestur fyrir árið 2016 rann út þann 22. október. Stjórn sjóðsins er að fara yfir umsóknirnar og mun skila tillögum um úthlutani til ráðherra ferðamála.

**Hæfir styrkir** eru umsóknir sem falla að skilyrðum og hlutverki sjóðsins. Matið byggir á reynslu þeirra sem hafa séð um Framkvæmdasjóðinn hjá Ferðamálastofu. Ekki er lagt gæðamat á einstakar umsóknir sem eru um 200 talsins enda er það í höndum stjórnar sjóðsins að gera slíkt og að koma með tillögur um úthlutani.

Líkleg fjárbörf skipt niður á árið 2016 og 2017 er gróft mat á framkvæmdatíma verkefna og þar með greiðslum sem falla til á þessu tímabili.

#### **Samantekt á fjárbörf 2016**

Hæfir styrkir (m.kr.)	
Sveitarfélög og einkaaðilar	522
Ríkið	548
Samtals:	1.070

Miðað er við að allir hæfir styrkir verði samþykktir.

Upphæð styrkja miða við núverandi kröfur um mótframlag sem er að jafnaði 50%.

### **1.3. Breytingar á fyrirkomulagi við úthlutun styrkja. (Hörður)**

Hörður fer yfir tillögur að breytingum við úthlutun styrkja. Lagt er til:

- að greiðslur taki mið af kostnaðaráætlun einstakra verkþátta sem umsækjendur skila inn og greitt sé samkvæmt framvindu þessara verkþátta.
- að sett verði þengri tímamörk á frávik frá verkáætlunum og veittar verði auknar heimildir til að afskrifa eða fella niður styrki ef fráviken eru veruleg.
- að haldað verði utan um verk í vinnslu hjá þeim aðilum sem hafa fengið styrki og með hliðsjón af því skal meta hvort viðkomandi aðilar geti bætt á sig fleiri verkefnum ef sótt er um frekari styrki.
- að fylgja úthlutunum yfir árið til að auka sveigjanleika.

- e. að styrkir verði veittir til lengri tíma en eins árs í senn, allt eftir umfangi viðkomandi verkefna og í samræmi við verkáætlunar. Stjórn sjóðsins geti jafnframt stýrt árlegum úthlutunum með því að dreifa greiðslu styrkja yfir lengra tímabil.
- f. að styrkir frá árunum 2012 til 2014 verði afskrifaðir ef styrkþegar geta ekki sýnt fram á ásættanlega framvindu í framkvæmdum.
- g. að kannað verði með hvaða hætti hægt er að styðja og styrkja ríkisstofnanir í verkstýringu og eftirliti með framkvæmdum (eftirstöðvar styrkja 2012-2015 eru áætlaðar um 580 m.kr. í upphafi næsta árs).
- h. að mótfamlag til sveitarfélaga og einkaaðila lækki úr 50% í 20% til að auðvelda þeim að ráðast í og flýta mikilvægum framkvæmdum.

#### **1.4. Samantekt úr 1. lið – Tillögur um aðgerðir.**

Hörður ferð yfir eftirfarandi tillögur um aðgerðir:

- a. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða fái 700 m.kr. til ráðstöfunar fyrir 2016 í uppbyggingu ferðamannastaða hjá sveitarfélögum og einkaaðilum og er þá gert ráð fyrir 20% mótfamlagi. Fjárhæðin til þessara aðila verður þá um 590 m.kr. hærri en var úthlutað 2015.
- b. Styrkir til ríkisstofnana verði 550 m.kr.
- c. Stjórnstöð ferðamála skipi vinnuhóp með eftirfarandi markmið:
  - Breyta starfsreglum samkvæmt framangreindum tillögum og koma með tillögu til ráðherra ferðamála um nýja reglugerð (fyrir lok nóvember/byrjun desember).
  - Koma með tillögur um afskriftir á styrkjum frá árunum 2012 til 2014 ef styrkþegar geta ekki sýnt fram á ásættanlega framvindu í framkvæmdum (áætluð verklok fyrir áramót 2015).
  - Kanna með hvaða hætti hægt er að styðja og styrkja ríkisstofnanir í verkstýringu og eftirliti með framkvæmdum (áætluð verklok janúar 2015).
  - Kanna með hvaða hætti hægt er að koma í veg fyrir tafir á framkvæmdum vegna skipulagsmála sveitarfélaga (áætluð verklok janúar 2015).
- d. Framlengja umsóknarfrestinum og bjóða núverandi umsækjendum að aðlaga umsókn sína eða auglýsa að nýju eftir umsóknum hjá Framkvæmdasjóði svo hægt sé að innleiða breytingar á mótfamlagi og nýjar starfsreglur/reglugerð.

#### ***Umræður við 1. lið:***

Rætt var að það væri alvarleg staða að fjármunirnir væru ekki að ganga út og að nauðsynlegt væri að ráða bót á því. Mikilvægt væri að ráðast í kortlagningu á því hvað þyrfti að gera til að byggja upp viðeigandi innviði á ferðamannastöðum og setja fram tímasetta áætlun um uppbyggingu grunninnviða. Rætt var um mikilvægi þess að skilja ekki í sundur umræðu um staði í eigu eða umsjón ríkisins eða staða í eigu eða umsjón sveitarfélaga eða einkaaðila þegar rætt væri um þörf á uppbyggingu. Aðalmarkmiðið ætti að vera að hægt væri að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu, burtséð frá því hver ætti eða hefði umsjón með umræddum stað.

Rætt var um hvert yrði fordæmisgildi þess að lækka mótfamlag við úthlutanir úr sjóðnum. Fordæmi væru fyrir því s.s. varðandi uppbyggingu hafna og framhaldsskóla að fjárfestingin skiptist milli ríkis og sveitarfélaga. Samstaða var um að lækkun mótfamlags við þessar aðstæður, allavega í einhvern tíma, væri eðlilegt skref þar sem um væri að ræða átaksverkefni til að flýta nauðsynlegri uppbyggingu innviða. Þá væri jafnframt mikilvægt að skilja á milli grunninnviða eða uppbyggingar sem hugsuð væri

til að stunda virðisaukandi þjónustu. Hugsunin er sú að byggja upp grunninnviði og að þar væri lækkun á mótframlagi eðlilegt. Þá var rætt um möguleika þess að fella mótframlag niður í einstökum tilfellum. Slík regla væri ekki óhugsandi en gæti þó reynst erfið í útfærslu þar sem um mjög matskennt atriði væri að ræða. Almenn samstaða um að krafan um mótframlag væri eðlileg en jafnframt að rétt væri að lækka þá kröfu.

Rætt var hvort að það væri skynsamlegt að Vegagerðin tæki við uppbyggingu á bílastæðum við ferðamannastaði og að slíkar framkvæmdir yrðu þá ekki styrktar úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Í því sambandi komu fram sjónarmið um að réttmætt væri að innheimt bílastæðagjöld við ferðamannastaði eins og væri verið að taka upp t.d. á þingvöllum. Skiptar skoðanir voru um ágæti þeirrar leiðar og bent á að slíkt fyrirkomulag gæti verið óhentugt og kostnaðarsamt ef að það væri tekið upp á öllum ferðamannastöðum. Rætt um mikilvægi þess að taka á næsta fundi umræðu um uppbyggingu samgöngukerfisins í ljósi aukins fjölda ferðamanna og hlutverk samgönguyfirvalda í því sambandi.

Rætt var um nauðsyn þess að skoða skiptingu á ávinningi af ferðaþjónustu milli ríkis og sveitarfélaga. Bent var á að við þá umræðu þyrfti að taka tillit til þess ef mótframlag yrði lækka.

Þá var rætt um mikilvægi þess að skilgreina skýrt hlutverk Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, sér í lagi hvað varðar stuðning við uppbyggingu á grunnaðstöðu.

#### **Niðurstaða úr umræðum við 1. lið.**

*Stjórnin var sammála um nauðsyn þess að auka fé til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða fyrir næsta ár og munu iðnaðar- og viðskiptaráðherra leggja til við ríkisstjórn að auknu fé verði veitt til sjóðsins við 2. umræðu fjárlaga.*

*Þá samþykkti stjórnin tillögu um stofnun vinnuhóps um bætta framkvæmd við úthlutun og eftirfylgni hjá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða (Sjá lið c í kafla 1.4).*

#### **2. Gögn og rannsóknir (Hörður)**

Hörður fór yfir stöðuna á gagnaöflun og rannsóknum í ferðaþjónustu. Ýmsir aðilar koma að gagnaöflun og rannsóknum en ábyrgð og verkaskipting er óljós. Skortur er á kerfishundnum og markvissum mælingum og rannsóknum.

##### **2.1. Fjárbörfin**

Árið 2013 vann Ferðamálastofa skýrslu um þörfina fyrir rannsóknir í íslenskri ferðaþjónustu. Skýrslan var unnin ásamt KPMG með aðkomu hagsmunaaðila (60 aðilar tóku þátt). Í heildina voru skilgreind 38 rannsóknarefni og kostnaðarmat gert á forgangsverkefnum. Eftirfarandi samantekt er ekki tæmandi en gefur góð mynd af þörfinni.

<b>Forgangsverkefnir</b>
Stærð ferðaþjónustunnar á Íslandi og lykiltölur
Markhópagreining
Þolmörk ferðamennsku
Ferðamenn á landsvísu
Arðsemi ferðaþjónustunnar
Ferðamenn eftir landsvæðum
Virðiskeðja ferðaþjónustunnar
Sérstaða svæða

Ferðaþjónusta framtíðarinnar  
Samfélagsleg áhrif ferðaþjónustunnar  
þjónustugæði

Áætlaður kostnaður vegna forgangsverkefna í gagnaöflun og rannsóknum er um 330-356 m.kr. á verðlagi 2013. Helstu stofnanir sem gera rannsóknir meta lauslega að um 150 m.kr. verði ráðstafað 2016 til forgangsverkefna af þeirra fjármagni því vantar um 180-206 m.kr. samkvæmt kostnaðarmatinu.

## **2.2. Tillögur að aðgerðum**

Hörður fór yfir eftirfarandi tillögur um aðgerðir:

- a) Meira fé verði lagt í forgangsverkefnin
  - Kostnaðarmat forgangsverkefna frá 2013 er á bilinu 330-356 m.kr.
  - Helstu stofnanir sem gera rannsóknir meta lauslega að um 150 m.kr. verði ráðstafað 2016 til forgangsverkefna af þeirra fjármagni því vantar um 180-206 m.kr. samkvæmt kostnaðarmatinu.
- b) Hagstofa sjái um úrvinnslu og birtingu ferðaþjónustureikninga og grunnupplýsinga. Ferðaþjónustureikningar Nýsjálendinga (Key Tourism Statistics, Ministry of Business, Innovation & Employment) verði hafðir til hliðsjónar.
- c) Stjórnstöð ferðamála skipi vinnuhóp með eftirfarandi markmið
  - Skilgreina þarfir og framkvæma GAP-greiningu
  - Útbúa tímasetta rannsóknaáætlun
  - Skilgreina verkaskiptingu og ábyrgð, útdeila verkefnum
  - Koma með tillögur um birtingu og framsetningu mælinga og rannsókna
  - Stjórnstöðin skili niðurstöðum fyrir lok febrúar 2016

### *Umræður við 2. lið*

Rætt um mikilvægi þess að byggja ákvarðanir á áreiðanlegum gögnum. Almenn samstaða um að styrkja gagnaöflun og rannsóknir í ferðaþjónustu.

### *Niðurstaða úr umræðum við 2. lið.*

*Samstaða um að auka fé til gagnaöflunar og rannsókna í ferðaþjónustu. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra mun leggja til við ríkisstjórn að auknu fé verði veitt til þessa við 2. umræðu fjárlaga.*

*Þá samþykkti stjórnin tillögu um stofnun vinnuhóps um rannsóknir (Sjá lið c í kafla 2.2).*

## **3. Önnur mál**

Rætt um mikilvægi þess að stjórnin setji sér starfsreglur. Í þeim þarf m.a. að taka á rekstrarformi stjórnstöðvarinnar og aðkomu annarra en stjórnarmanna að fundum s.s. hvort að stjórnarmenn senda fulltrúa í sinn stað komist þeir ekki og hvort að gera ætti ráð fyrir að tengiliðir ráðuneytanna við Stjórnstöðina myndu sækja fundi hennar.

Rætt um að oft virtist skorta grunnþekkingu við hönnun og framkvæmdir og að nauðsynlegt væri að gæta samræmis í hönnun og útliti. Skoða þyrfti hvernig hægt væri að styrkja þessa þætti.

Samþykkt að ávalt verði ritaðar fundargerðir, þær sendar til fundarmanna til yfirlestrar og athugasemda og samþykktar á næsta fundi.

Samþykkt að boða til næsta fundar um miðjan janúar.